



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is
545 8600

Skuggasundi 1,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Colas Ísland hf.
Gulhelli 1
221 Hafnafjörður

Reykjavík 4. febrúar 2022
Tilv.: UMH21120130/8.14

Ráðuneytið vísar til erindis yðar frá 30. desember sl. þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá ákvæði um umfang starfsemi í gildandi starfsleyfi sem gefið var út 3. desember 2014 og gildir til 31. desember 2030 fyrir rekstur Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbæ–Colas hf. Óseyrarbraut 16 í Hafnarfirði, á meðan unnið er að gerð nýs starfsleyfis. Búið sé að sækja um nýtt starfsleyfi vegna stækkunar bikstöðvarinnar, þar sem verið er að byggja nýjan 3700m³ tank sem bætist við fyrri starfsemi. Öllum umbeðnum gögnum hafi verið skilað inn vegna umsóknarinnar. Óskað sé eftir að fá að hefja notkun á nýja tanknum þó ekki hafi enn verið gefið út starfsleyfi fyrir þessi auknu umsvif í bikstöðinni. Gefin hafi verið út undanþága sem sé að renna úr gildi en starfsleyfisumsóknin hafi enn ekki farið í kynningu. Tankurinn hafi verið byggður til þess að anna bikinnflutningi fyrir vegagerð eftir að Malbikunarstöðin Höfði hf. hafi þurft að loka sínum biktönkum. Án tanksins sé ekki hægt að flytja inn nægt bik til þess að tryggja að hráefni sé til staðar þegar malbikun hefst í vor. Þegar hafi verið gefin tvö bráðabirgðaleyfi þar sem útgáfa starfsleyfisins hafi tekið verulega langan tíma en nú stefni Umhverfisstofnun að því að setja nýtt starfsleyfi í kynningu fljótlega og að þangað til að starfsleyfi verði tilbúið þurfi undanþágu frá starfsleyfi fyrir tankinn.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar með afriti á Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Í umsögn Umhverfisstofnunar sem barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 14. janúar sl., bendir stofnunin á að tvívegis hafi verið veitt undanþága til rekstraraðila fyrir auknu umfangi. Þann 8. maí 2020 hafi ráðuneytið veitt tímabundna undanþágu frá skilyrði gr. 1.2, í starfsleyfi Colas Ísland hf. er varði umfang starfseminnar og aftur þann 25. maí sl. Stofnunin vísi til fyrri umsagna sinna í þeim málum og þeirra röksemda er þar komi fram, sbr. bréf dagsett 17. apríl 2020 og 28. apríl sl. Jafnframt bendi Umhverfisstofnun á að starfsemin að Óseyrarbraut 16 hafi verið á svæðinu um árabíl. Rekstraraðili hafi gilt starfsleyfi, skv. 6. gr., sbr. II. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. gr., sbr. IX. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir, til að taka á móti og geyma í stærsta geymi allt að 2200 m³ af biki (bitumen) eða öðrum olíuefnum sem ætluð séu til malbiks- og olíumalarframleiðslu. Snúi beiðni rekstraraðila um undanþágu að auknu umfangi. Umhverfisstofnun hafi í mars 2020 samþykkt fullnægjandi starfsleyfisumsókn rekstraraðila. Tafir hafi orðið á afgreiðslu málsins sem ekki sé alfarið hægt að rekja til rekstraraðila. Fyrirhugað sé að starfsleyfistillaga sem geri ráð fyrir auknu umfangi verði

auglýst mjög fljótlega. Tillaga að starfsleyfi skuli auglýst í fjórar vikur, sbr. 3. mgr. 7. gr laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og á þeim tíma gefist tækifæri til að gera skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillöguna áður en ákvörðun um útgáfu starfsleyfisins verði tekin. Umhverfisstofnun taki í kjölfarið ákvörðun um útgáfu starfsleyfisins eigi síðar en fjórum vikum eftir að auglýsingartíma ljúki, sbr. 4. mgr. 7. gr. sömu laga. Undanþágan sem rekstraraðila hafi verið veitt þann 25. maí 2021 hafi fallið úr gildi 1. janúar 2022. Stofnunin telji í ljósi alls framangreinds að ríkar ástæður séu fyrir því að ný tímabundin undanþága verði veitt þar sem skilyrði fyrir tímabundinni undanþágu séu uppfyllt. Umhverfisstofnun hafi ekki frekari athugasemdir við þær röksemdir fyrir beiðninni sem umsækjandi tilgreinir í umsókn sinni og geri ekki athugasemd við að tímabundinn undanþágu frá kröfu um starfsleyfi verði veitt að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar frá 14. janúar sl. er vísað til fyrri umsagna stofnunarinnar vegna undanþágu frá sama starfsleyfi. Í umsögn frá 28. apríl sl. skýrir stofnunin þann ófyrirséða drátt sem orðið hefur á málinu. Þar kemur fram að vegna anna hafði ekki unnist tími hjá Umhverfisstofnun til að yfirfara athugasemdirnar og vinna við starfsleyfistillögur því frestast. Á vef Umhverfisstofnunar má nú sjá að tillaga að starfsleyfi fyrir bikbirgðastöð Colas Ísland hf. er nú komin fram. Tillagan var sett í auglýsingu á vef Umhverfisstofnunar þann 26. janúar sl. og verður aðgengileg þar til og með 23. febrúar nk. Í ljósi þess að starfsleyfistillaga er í auglýsingu, framangreindrar umsagnar Umhverfisstofnunar frá 14. janúar sl., að ríkar ástæður mæli með undanþágu vegna yfirvofandi skorts á biki og í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fellst ráðuneytið á að veita Malbikunarstöðinni Hlaðbæ-Colas hf. kt. 420187-1499 tímabundna undanþágu frá skilyrði 1.2 í starfsleyfi Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbæ-Colas hf. að Óseyrarbraut 16 þar sem mælt er fyrir um heimild til að taka á móti og geyma í stærsta geymi allt að 2200 m³ af biki (bitumen) eða þau önnur olíuefni sem eru ætluð til malbiks- og olíumalarframleiðslu og að rekstraraðili geti líkað notað nýjan og stærri geymi við Óseyrarbraut 20 sem á að koma til viðbótar starfseminni við Óseyrarbraut 16. Undanþágan er háð því að fyrirtækið uppfylli að öðru leyti ákvæði eldra starfsleyfis sem Umhverfisstofnun gaf út 3. desember 2014 og lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda, sérstaklega ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Undanþága þessi fyrir nýja geyminn gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 1. apríl 2022.

Umhverfisstofnun fer með mengunarvarnaeftirlit skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 með þeirri framkvæmd sem undanþágan nær til. Malbikunarstöðin Hlaðbæ-Colas hf. ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber Malbikunarstöðin Hlaðbæ-Colas hf. að fylgja fyrirmælum nefndarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum undanþágu. Vakin er athygli á að Umhverfisstofnun gæti í eftirliti þurft að setja fram kröfur samkvæmt lögum og reglugerðum sem ekki koma fram í skilyrðum hér að framan, gefist tilefni til, enda hefur starfsleyfi ekki enn verið útgefið vegna aukins umfang starfseminnar.

Umhverfisstofnun skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Trausti Ágúst Hermannsson